

er bakfærslan fór fram, og þannig eigi vitað um hana þá þegar. Verður að telja ósannað, að ákærði hafi vitað um bakfærsluna á þeim tíma, er hann notaði tékka þessa. Brestur þannig huglæg skilyrði til þess að refsa honum fyrir notkun hans á tékkunum, og ber að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins.

Samkvæmt 3. mgr. 146. gr. laga 82/1961 verður þannig ekki dæmt um kröfu þá, sem uppi hefur verið höfð í máli þessu og áður var lýst.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga 82/1961 verður að sýkna ákærða af kröfum um málskstnaðargreiðslu, og ber að ákveða, að hann greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málsvagnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Þórarinn Jónasson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málsvagnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 12.000.00.

Mánudaginn 18. mars 1974.

Nr. 21/1974: Ákæruvaldið

gegn

Valgarði Frímanni Jóhannssyni

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Kærumál. Öryggisgæsla. Málsskot. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Með bréfi til sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 4. janúar 1974, hefur saksóknari ríkisins skotið til Hæstaréttar úrskurði

sakadóms Árnassýslu, uppkveðnum 21. desember 1973, þar sem kveðið er svo á, að varnaraðili skuli látinn laus úr öryggisgæslu að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, eins og í úrskurðinum getur.

Skjöl máls þessa bárust Hæstarétti 28. janúar 1974.

Hallvarður Einvarðsson, aðalfulltrúi saksóknara ríkisins, var skipaður til þess að gegna saksóknarastörfum í máli þessu.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að varnaraðili sæti áfram öryggisgæslu.

Skipaður verjandi varnaraðilja, Jóhann H. Nielsson hæstaréttarlögmaður, krefst þess, að framangreindur úrskurður sakadóms Árnassýslu verði staðfestur.

Samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 getur dómsmálaráðherra leitað úrlausnar héraðsdóms, þar sem öryggisgæslustofnun er, um, hvort slík gæsla sé lengur nauðsynleg, og hið sama getur tilsjónarmaður gert að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum.

Úrlausn héraðsdóms má skjóta til Hæstaréttar, og verður framangreind lagagrein ekki skillin á annan veg en að dómsmálaráðherra hafi málsskotsheimild þessa, en eigi saksóknari ríkisins. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Sakarkostnað af málsskoti þessu skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns varnaraðilja, kr. 30.000.00.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sakarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns varnaraðilja, Jóhanns H. Nielssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00.

Úrskurður sakadóms Árnassýslu 21. desember 1973.

Ár 1973, föstudaginn 21. desember, var kveðinn upp í sakadómi Árnassýslu úrskurður í málinu: Krafa séra Jóns Bjarmans, tilsjónarmanns Valgarðs Frímanns Jóhannssonar, um, að Valgarður Frímann Jóhannsson verði látinn laus úr öryggisgæslu.

Málið, sem höfðað er af tilsjónarmanni Valgarðs Frímanns Jó-

hannssonar samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga, var tekið til úrskurðar hinn 20. desember.

Málavextir eru þeir, að hinn 24. mars 1971 varð Valgarður Frímánn Jóhannsson, áður tollvörður á Seyðisfirði, fæddur 6. mars 1930 á Akureyri, eiginkonu sinni að bana. Var hann ákærður til að sæta refsingu fyrir brot gegn 211. gr. alm. hegningarlaga, en með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 26. október 1971, var hann sýknaður af þeirri ákæru, en dæmdur til að sæta öryggisgæslu. Byggðist sú niðurstaða á því, að fullsannað þótti, að verknaðurinn hefði verið framinn í bráðu geðveikiskasti. Var Valgarður Frímánn Jóhannsson síðan vistaður á Vinnuhælinu að Litla-Hrauni, og dvaldist hann þar til loka febrúar s.l.

Með bréfi, dags. 22. desember 1972, fór tilsjónarmaður Valgarðs Frímánn Jóhannssonar, séra Jón Bjarman, þess á leit samkvæmt 62. gr. alm. hegningarlaga, að úrskurðað yrði, hvort fyrrgreind öryggisgæsla teldist lengur nauðsynleg. Málaleitan þessa studdi tilsjónarmaðurinn með vottorði Jakobs Jónassonar geðlæknis varðandi geðheilbrigði Valgarðs Frímánn, en þar segir, að ekki sé ástæða til að ætla, að Valgarður Frímánn komist í sams konar geðveikisástand og hann var í, er hann varð konu sinni að bana, að fullnægðum eftirgreindum skilyrðum:

- 1) Að honum sé útvegað húsnæði hjá fólki, sem skilur aðstöðu hans og eðli sjúkdómsins.
- 2) Að honum sé útveguð föst atvinna í námunda við bústað hans.
- 3) Að hann sé undir stöðugu og reglulegu eftirliti lækna.
- 4) Að hann taki stöðugt og reglulega inn þau lyf, sem hann hefur tekið undanfarið.
- 5) Að hægt verði að leggja hann inn á geðveikrahæli, ef ein-kenni koma í ljós, sem benda til afturfarar.

Niðurstaða Jakobs Jónassonar er sú, að „Valgarður ætti þannig ekki að vera hættulegur umhverfi sínu, ef þessum skilyrðum væri fullnægt, og ætti á þann hátt að hafa ennþá meiri möguleika til bata en innilokaður í fangelsi. Ennfremur ber að geta þess, að verknaðir af sama tagi og henti Valgarð eru afar sjaldgæfir meðal geðsjúklinga og engar meiri líkur til endurtekningar þeirra af hálfu Valgarðs en hvers annars geðsjúklings með geðklofa.“

Vottorði Jakobs Jónassonar fylgir vottorð frá Gylfa Ásmundsyni sálfræðingi, en þar segir svo:

„Prófið gefur ákaflega svipaða mynd og áður, en þó eru nokkrar breytingar til batnaðar. Einkum skal nefna mikla lækkun á hypomania og áberandi sveiflu til masculine identificationar. Ó-

veruleg lækkun er á schizofreniu og paranoid einkenni eru reyndar fleiri en áður. Somatisering er meiri og sömuleiðis hysterisk viðbrögð. Sj. beitir meira afneitun og bælingu. Ego er betra, varnir styrkari.

Niðurstaða: Prófið bendir enn sem fyrr í schizofren átt, en ástand sj. er þó greinilega betra á yfirborðinu, stabilla, og varnir betri. Undir yfirborðinu leynast schizofren ferli.“

Af hálfu réttarins voru gerðar ráðstafanir til að kanna geðheilbrigði Valgarðs Frímanns enn frekar, en áður en af því yrði, veiktist Valgarður Frímann skyndilega, og var hann þá fluttur frá Litla-Hrauni til Reykjavíkur og vistaður í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg.

Meðan Valgarður Frímann dvaldist í Reykjavík, var hann, að tilhlutan réttarins rannsakaður af Kristjáni Þorvarðssyni, tauga- og geðsjúkdómalækni, en í vottorði, dags. 12. maí 1973, leggur hann til:

- „1) Að sjúklingurinn fái vist hér í Reykjavík hjá skilningsríku fólki, sem sæi um og gæfi honum þau lyf, sem geðlæknir, t. d. Jakob Jónasson, fyrirskipaði.
- 2) Að sjúklingurinn gengi til eftirlits á poliklíník Kleppsspítalans og mæti þar svo oft sem geðlæknar óska eftir.
- 3) Að trygging fáiist fyrir því, að hann verði tekinn til meðferðar á Kleppsspítalann, ef honum versnaði sjúkdómurinn.

Ef nefndum skilyrðum er fullnægt, tel ég sjúklinginn ekki hættulegan umhverfi sínu. Einnig þyrfti sjúklingurinn að fá vinnuþjálfun og vinnu og gæti slíkt verið auðveldara í samráði við poliklíníkina á Kleppi.

Einnig tel ég, að miklu betra árangurs væri að vænta og betri batahorfur, ef sjúklingurinn yrði leystur úr gæsluvarðhaldi og fangagæslu. Ég legg áherslu á sem geðlæknir, að óforsvaranlegt og óhæfa er, að sjúklingur (geðsjúklingur), sem náð hefur eins miklum bata og nefndur Valgarður, sé innilokaður á psykopathælum eða í hegningarhúsum. Slík meðferð er bæði ómannúðleg og ósamboðin geðlæknastéttinni.“

Að lokinni rannsókn Kristjáns Þorvarðssonar lá málið niðri um tíma, þar eð dómaranum var kunnugt um tilraunir í þá átt að fá Valgarð Frímann vistaðan á sjúkrahúsi erlendis, en í bréfi, dags. 25. júlí 1973, upplýsir tilsjónarmaður Valgarðs Frímanns, að hann muni fara hinn 27. ágúst n.k. til dvalar á sjúkrahúsi í Danmörku.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 4. þ. m., barst réttinum vottorð Retspsykiatrisk Klinik, Statshospitalet ved

Árhus, Risskov, dags. 28. nóvember, varðandi geðheilbrigði Valgarðs Frímanns, og er þar eftirfarandi

„KONKLUSION

Valgard Frimann Johansson frembyder således nu ingen tegn på sindsygdóm, men vel lette tegn på tidligere gennemgåede sindsygdómsanfald. Man må betvivle, at V. F. med rette har kommet rubriceres iblandt gruppen af schizofrene, når man tager i betragtning, hvor velbevaret følelsesliv V. F. ved den nu fortagne undersøgelse har vist. Han frembyder således ikke de tegn på schizofreni eller partielt ophelet schizofreni, som man ville forvente. Han kan ikke betegnes som autistisk, og han frembyder ikke tegn på tankeforstyrrelser eller på vrangforestillinger, men frembyder tegn på en karakterneurose, som især er præget af udtalt sensitivitet, selvsikkerhed, nogen umodenhed og visse hysteriforme træk. Denne karakterneurose bør sikkert sættes i forbindelse med hans meget specielle barndomsmiljø. Udelukkes kan det ikke, at V. F. har vist spontane stemmingssvinger, hvilket kan sættes i forbindelse med en ret massiv familiær disposition til manio-depressiv sindssygdóm, men V. F.s egne oplysninger tyder nu ikke på, at spontane stemmingssvinginger har spillet nogen afgørende rolle. Afgørende skønnes derimod at have været, at V. F.s sensitive, selvsikre personlighed har reageret meget heftigt på ydre belastninger og da især økonomiske problemer, som V. F. har haft gennem mange år. Han har sat sig i store udgifter, og hans indtægter har ikke kunnet stå mål hermed, og han har arbejdet særdeles ihærdigt, men næppe efter helt hensigtsmæssige planer, for at komme ud af et økonomisk uføre. Det skønnes sandsynligt, at V. F. ikke blot én, men flere gange, har reageret med sindssygdómsanfald og da psykogene psykoser med bevidsthedsforstyrrelser, varngforestillinger og hallucinationer. Denne antagelse skønnes forenelig med de oplysninger, som er givet om V. F.s adfærd igennem de sidste 6—8 år. En mere langvarig, snigende sygdomsudvikling af schizofren art skønnes ikke sandsynliggjort, og den nu beskrevne velkontrollerede realitetstilpassede personlighed skønnes at tale afgørende imod diagnosen schizofreni.

V. F.s fare for retssikkerheden skønnes meget ringe under forudsætning af, at der fremdeles ydes ham støtte af den art, som er givet ham i de sidste år, og som han har haft behov for tidligere, men ikke modtaget. Lykkes det at undgå nye anfald af psykogen, kan han næppe siges at frembyde nogen som helst fare for rets-

sikkerheden, og det skønnes absolut muligt at undgå sådanne nye sindssygdomsanfald, dersom den støttende psykoterapeutiske behandling forsættes, og dersom V. F. får tilladelse til at leve i et miljø, som ikke virker belastende for hans sensitive personlighed. Man må herefter tilråde, at V. F., dersom det er muligt, søges løsladt fra fængselsinstitutionen, hvori han i de seneste år har opholdt sig, og at han ved en veltilrettelagt resocialiseringsprocedure bringes i stand til at genoptage arbejde og en så vidt mulig normal tilværelse i samfundet. Om dette bør ske fra fængslet, derved at V.F. genoptager arbejde derfra, eller om man kan finde særligt beskyttede forhold uden for fængslet, må bero på de aktuelle lokale muligheder. Ifald dansk retspraksis ville blive anvendt på V. F.s tilfælde, ville man sansynligvis tilrettelægge en resocialisering således, at V. F. ville blive flyttet til et psykiatrisk hospital, som har nathospitalefaciliteter. Her ville man lade V. F. optage arbejde uden for hospitalet og under forudsætning af et roligt forløb efter få måneder udskrive V. F. til forsat ambulant behandling og da en støttende psykoterapeutisk behandling og muligt en medikamentel behandling, som kan vise sig fornøden, idet man her tænker på en anvendelse af let beroligende medicin, men ikke anti-psykotisk medicin. Forsat ophold i en fængselsinstitution skønnes at rumme alvorlig risiko for, at V. F. udvikler nye sindssygdomsanfald, i hvilke depressive symptomer sandsynligt vil komme til at spille en større rolle end tidligere, og under hvilke der består betydelig selvmordsrisiko. Slutteligt bør anføres, at dersom der er nogen risiko for aggressive gennembrud, vil sådanne med større sandsynlighed kunne antages at ramme V.F. selv, end de vil kunne ramme anden person.

Efter den foretagne undersøgelse må det råd, der kan gives, herefter være, at man drager konsekvensen af den dom, som er overgået V. F. og bringer ham i en regelret psykiatrisk behandlingssituation, som dog på grund af den aktuelt gode psykiske tilstand, ikke indicerer hospitalsindlæggelse, men skønnes at kunne gennemføres ambulant.

C.J. Hansen
Overlæge.“

Forstöðumaður vinnuhælisins að Litla-Hrauni, Markús Einarsson, og einn varðstjórnari þar, Magnús Ingi Gíslason, hafa báðir borið það, að framkoma Valgarðs Frímanns á Litla-Hrauni hafi verið góð í allri umgengni við starfsmenn þar, en hins vegar hafi

hann sniðgengið aðra vistmenn og enn fremur að eftir því sem dvöl hans þar varð lengri, versnaði andlegt jafnvægi hans, sem endaði með því, að hann reyndi að ráða sér bana að kvöldi 19. febrúar 1973.

Var Valgarður Frímann eftir það fluttur til Reykjavíkur og þaðan til Danmerkur, svo sem áður greinir.

Í þinghaldi 20. þ. m. kom skipaður tilsjónarmaður Valgarðs Frímanns, séra Jón Bjarman, fyrir dóminn og skýrði frá því, að skjól-stæðingur hans hefði komið til landsins um miðjan þennan mánuð. Enn fremur upplýsti tilsjónarmaðurinn, að nokkrir aðstandenda Valgarðs Frímanns, bæði börn og venslamenn, hefðu á fundi með sér lýst sig reiðubúna til að veita Valgarði Frímanni alla þá aðstoð, sem þeim væri mögulegt.

Svo sem ritað er á dskj. nr. 1, var Valgarður Frímann Jóhannsson vistaður á vinnuhælinu á Litla-Hrauni samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins hinn 21. desember 1971, en samkvæmt framburði forstjóra og eins varðstjóra vinnuhælisins hefur hegðun hans þar verið góð, ef frá er talin sjálfsmorðstilraun hans 19. febrúar 1971, sem frekar virðist hafa stafað af örvæntingu hans um sinn hag heldur en versnandi geðheilsu, sbr. vottorðin frá Kristjáni Þorvarðssyni lækni og Retspsykiatrisk Klinik, dskj. nr. 5 og 8, sem bæði eru gefin eftir þann atburð.

Í máli þessu eru til staðar þrjú vottorð varðandi geðheilbrigði Valgarðs Frímanns Jóhannssonar, sbr. dskj. nr. 3, 5 og 8. Þrátt fyrir að vottorðum þessum ber ekki saman um sjúkdómsgreiningu Valgarðs Frímanns, er niðurstaða þeirra allra sú, að Valgarður Frímann sé ekki hættulegur umhverfi sínu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum svo og að dvöl í fangelsi sé óheppileg og skaðleg heilsu hans.

Með hliðsjón af framanskráðu svo og því, að ekki virðist öðru til að dreifa en að vista mann, sem eins og er ástatt fyrir og hér um ræðir, í fangelsi, þykir rétt, að Valgarður Frímann Jóhannsson verði látin laus úr öryggisgæslu með eftirgreindum skilyrðum, sem dómsmálaráðuneytið eða eftirlitsmaður til þess skipaður af því metur á hverjum tíma, hvort uppfyllt séu:

- 1) Tryggt sé, að hann fái viðeigandi vist og starf við sitt hæfi.
- 2) Hann sé undir reglulegu lækni eftirliti og hlíti þeim fyrir-mælum, sem læknar kunna að setja honum.
- 3) Tryggt sé, að hægt verði að vista hann á viðeigandi sjúkrahúsi, ef þurfa þykir.

Allur kostnaður af máli þessu greiðist úr ríkissjóði.

Jakob J. Havsteen, fulltrúi sýslumanns Árnassýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Valgarður Frímann Jóhannsson skal látinn laus úr öryggisgæslu að uppfylltum framangreindum skilyrðum.

Allur kostnaður af máli þessu greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 18. mars 1974.

Nr. 41/1974: **Iðnaðarbanki Íslands h/f,**
Félag íslenskra iðnrekenda og
Landssamband iðnaðarmanna
 gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík
f. h. borgarsjóðs vegna Húsatrygginga
Reykjavíkur.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Kærufrestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. janúar 1974, sem Hæstarétti barst 25. febrúar s. á. Krefjast þeir þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdóm að dæma málið að efni til. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Hinn kærði frávísunardómur var kveðinn upp 8. janúar 1974. Hvorki aðiljar né umboðsmenn þeirra voru viðstaddir dómsuppsögu. Samkvæmt vottorði dómsformanns tilkynnti